

Golfklúbburinn Setberg

Setbergi

221 Hafnarfjörður

www.gse.is



Ársskýrsla

2022

Setbergi 7. desember 2022

Skyrsla formanns

Tuttugasta og áttunda starfsári Golfklúbbsins Setbergs er nú lokið og verður hér getið þess helsta sem gerðist á árinu 2022.

Veður og vallarmál

Völlurinn var í frábæru ástandi í sumar eins og síðastliðin ár. Flatirnar komu vel undan vetri og var fljótt komið gott rennsli á þær í vor. Lögð var áhersla á að jafna út áburðargjöf umhverfis flatirnar til að samræma betur útlit og eiginleika þessara svæða samanborið við flatirnar sjálfar.

Þótt sumarið hafi ekki boðið upp á marga heita daga var haustið afskaplega milt. Flatirnar eru í mjög góðu ástandi þegar þetta er ritað í byrjun desember. Haldist þær klakalausar út mánuðinn bendir allt til þess að ástandið verði með besta móti næsta vor.

Klúbburinn sá um alla umhirðu á vellinum.

Endurnýjaður var ráðgjafarsamningur við Bjarna Hannesson sem stýrði áburðar- og lyfjagjöf.

Árlegur hreinsunardagur var haldinn í maí. Fjöldi félaga mætti og tók til hendinni.

Veðrið var ágætt framan af sumri en þegar líða tók á sumarið voru ekki margir góðviðrisdagar.

Áburðar- og lyfjagjöf á flatir á árinu

Haldið var áfram að vinna með svokallaða MLSN kenningu í áburðarmálum líkt og gert hefur verið síðastliðin ár. Með því næst að halda kostnaði í lágmarki án þess að fórna gæðum. Á flatirnar eru aðeins borin þau efni sem nauðsynlega þarf. Í tilfelli Setbergsvallar þarf ekkert nema köfnunarefni til að halda heilbrigðum vexti í flötunum sökum þess að nægt magn af öðrum efnum er að finna í jarðvegi flatanna.

Járnsúlfati er þó bætt við reglulega til að halda mosavexti í flötunum í skefjum en það hefur í gegnum tíðina hefur verið vandamál. Á mörgum flötum hefur náðst ágætis árangur, t.d. á annarri braut sem á árum áður var að mestu mosi.

Notast var við vaxtarstjórnunarefni til að draga úr sláttuþörf á flötum og halda þeim jafnari yfir daginn fyrir kylfinga.

Viðhaldsaðferðir síðustu ára hafa dregið verulega úr sýkingum í flötunum en þær voru nokkuð algengar og ollu töluverðu raski og tjóni hér áður fyrr. Með þessum aðferðum hefur verið hægt að draga úr notkun á sveppalyfjum niður í eina úðun á ári. Sú úðun er framkvæmd undir lok golftímabilssins á haustin til að verja flatirnar fyrir vetrarsúkdómum sem ku vera algengasta ástæðan fyrir kalskemmdum í flötum.



Umhirðan á flötum vallarins skiptir öllu máli. Hvenær og hversu mikið borið er á flatirnar, hvenær sandi er dreift yfir, hvernig vélar eru stilltar og hvernig flatir eru valtaðar og slegnar eru allt atriði sem skipta sköpum um gæði flatanna. Við leggjum höfuðáherslu á öll þessi atriði og teljum flatirnar á Setbergsvelli vera í hæsta gæðaflokki.

Vélar, tæki og framkvæmdir

Kaup á vélum, tækjum og fleira

Eftirfarandi var keypt á árinu:

- Vél til þess að tína upp kúlur á æfingasvæðinu.
- Flatasláttuvél – sem klúbburinn hafði á leigu.
- Sláttuvél til þess að slá karga.
- Mottur og boltageymslur fyrir æfingasvæðið.
- Ýmislegt fyrir eldhúsið, völlinn og skálann.



Planið og göngustígar

Planið við golfskálann var stækkað umtalsvert og lagt á það bundið slitlag. Vegurinn frá planinu að flóttamannaveginum var lagaður. Lagt var bundið slitlag á göngustíginn á sjöttu braut. Var þetta nokkuð mikil framkvæmd sem Haukur Guðmundsson hafði yfirumsjón með. Hann mætti með nokkur tæki á góðviðrisdegi í júní og gekk í verkið. Klúbburinn færir Hauki bestu þakkir fyrir þetta framtak. Til stendur að leggja bundið slitlag á aðra göngustíga á vellinum næsta vor. Mögulega verður notast við gervigras þar sem það hentar.



Á meðan á framkvæmdum stóð þurfti að leggja á litla vellinum. Þessir tveir stóðu vaktina og leiðbeindu ökumönnunum sem komu á völlinn. Talsverður fjöldi spilaði þennan dag og því í nógu að snúast hjá þessum meisturum.



Á myndinni má sjá Hauk Guðmundsson jafna út efni á göngustígnum við sjöttu braut. Það þarf að laga fremsta hlutann á þeim stíg næsta vor ásamt því að laga aðra göngustíga á vellinum. Þetta efni kom mjög vel út og því fullt tilefni til þess að setja sambærilegt efni á aðra göngustíga. Gert er ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

Skálinn, brýr og fleira

Talsverðar breytingar voru gerðar á innra rýminu í golfskálanum. Settur var upp bekkur meðfram tveimur veggjum, hljóðeinangrandi rennihurð og fleira. Við þökkum Arnari Svanssyni sérstaklega fyrir hans þátt í þessari framkvæmd.

Tvær nýjar brýr voru smíðaðar á árinu, á sjöundu og níundu braut og Karl Jónsson setti upp bjöllu á sjöttu braut. Þá fellt ýmislegt annað til sem ekki verður rakið sérstaklega hér.

Rekstur

680 félagar eru nú skráðir í klúbbinn. Hefðbundin dagleg sala á flatargjöldum var svipuð og árið áður en við höfnuðum því alfarið að bóka rástíma fyrir hópa og fyrirtæki. Aðsókn í móti var svipuð og síðastliðin ár. Samningur við Golfklúbbinn Keili um innheimtu á árgjöldum var endurnýjaður.

Niðurstaða rekstrarins er mjög góð. Hagnaður er af rekstri klúbbsins og hafa eignir hans aukist. Eins og áður er klúbburinn skuldlaus. Eignir klúbbsins eru um 59.000.000 kr. og þar af er um 33.000.000 kr. innstæða á bankabók. Hagnaður ársins var 9.250.000 kr. Klúbburinn greiddi sem fyrr leigu fyrir landið, að fjárhæð um 6.500.000 kr., sem er kostnaður sem aðrir golfklúbbar þurfa almennt ekki að bera.

Aðgengi að vellinum og reglur um rástímaskráningu

Þrátt fyrir að félögum hafi fjöldað talsvert var mjög auðvelt að fá rástíma á völlinn í sumar. Stjórn klúbbsins tók eins og áður segir þá ákvörðun að hafna öllum beiðnum frá fyrirtækjum og hópum um að taka frá rástíma fyrir móti. Hefur það eflaust haft einhver áhrif. Líklega er þó helsta ástæða þess að auðvelt reyndist að fá rástíma á völlinn í sumar sú að flestir spila níu holur. Í rauninni virkar þá völlurinn eins og 18 holu völlur þar sem ræst er út af einum teig. Talsvert færri eru í klúbbnum heldur en í stóru klúbbunum og því í rauninni færri að keppast um hvern rástíma. Félagar geta skráð sig með þriggja daga fyrirvara en utanaðkomandi geta einungis skráð sig á rástíma frá klukkan 22:00 daginn fyrir viðkomandi leikdag.

Settar voru almennar reglur um starfsemi klúbbsins, þ. á m. um skráningu á rástíma, og voru þær reglur birtar á skilti utan á ræsishúsi. Í þeim kemur m.a. eftirfarandi fram:

- **Kylfingar skulu skrá rástíma í Golfbox appinu áður en þeir hefja leik.**
- **Staðfesta skal komu á völlinn, annað hvort í Golfbox appinu eða í afgreiðslu klúbbsins, a.m.k. 10 mínútum fyrir skráðan rástíma.**
- **Afbóka skal rástíma með a.m.k. tveggja klukkustunda fyrirvara.**
- **Oheimilt er að skrá annan kylfing á rástíma en þann sem hyggst leika völlinn.**
- **Óheimilt er að bóka rástíma fyrir kylfing án vitneskjú viðkomandi kylfings.**

Það eru áhöld uppi um að í einstaka tilvikum hafi félagar skráð kylfinga á rástíma þrátt fyrir að vita til þess að viðkomandi hafi ekki ætlað að mæta. Enn fremur leikur grunur á að nöfn félagsmanna hafi verið notuð fyrir utanaðkomandi kylfinga. Það er miður ef þetta er raunin og við munum auka eftirlit með þessu á næsta ári og beita viðurlögum þar sem efni standa til. Rástímar eru dýrmætir og við viljum halda í þá sérstöðu að vera með gott aðgengi. Til þess að svo megi vera þurfa allir félagar að standa saman og virða settar reglur.

Nýtt vallarmat og ný teigasett

Nýtt vallarmat á vellinum tók gildi í sumar og tekin voru upp ný teigasett. Í staðinn fyrir að vera með gula og rauða teiga eru nú þrír möguleikar, þ.e. 56, 52 og 46. Í þeim eftirnum stendur 56 fyrir 5600 metra langan völl o.s.frv. Samhliða komu nýjar forgjafartöflur fyrir völlinn. Tilgangurinn með þessu er að auka fjölbreytni og bjóða upp á valkosti sem hæfa sem flestum. Kylfingar ættu að velja að leika af teigum sem henta þeirra getu og forgjöf. Golfbox velur sjálfkrafa teig fyrir kylfinga út frá forgjöf og verða kylfingar þ.a.l. að breyta þeirri stillingu ef við á þegar leikið er til forgjafar.

Nýliðanámskeið, unglungastarf og golfkennsla

Í sumar var boðið upp á golfleikjanámskeið fyrir krakka. Guðrún Brá Björgvinsdóttir, afrekskylfingur, hafði umsjón með námskeiðinu og naut aðstoðar starfsmanna og félaga í klúbbnum. Guðrún náði vel til krakkanna enda mikil fyrirmynnd. Á námskeiðinu var farið yfir sveifluna, stutta spilið, púttin og helstu golf- og siðareglur. Ágæt þátttaka var á námskeiðinu.

Í framhaldi af golfleikjanámskeiðinu var boðið upp á þrjár æfingar í viku, á manudögum, miðvikudögum og laugardögum. Guðjón G. Daníelsson, PGA golfkennari, Jón Karl Björnsson og Arnar Björnsson sáu um þessar æfingar að mestu. Vetraræfingar eru núna að byrja hjá krökkunum.

Þrjár stúlkur í klúbbnum tóku þátt í móturnum á vegum Golfsambands Íslands (GSÍ) á árinu, þær Lovísia Huld Gunnarsdóttir, Sigurást Arnarsdóttir og María Högnadóttir. Náðu þær fínnum árangri. Lovísia lenti í fyrsta sæti í sínum flokki í móti á áskorendamótaröð GSÍ sem haldið var hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar. Sigurást Arnarsdóttir lenti í þriðja sæti í sama flokki og María Högnadóttir í öðru sæti í sínum flokki.



Lovísia og Sigurást spiluðu með sameiginlegu liði GSE og GK sem tók þátt í sveitakeppni GSÍ á Akranesi. Liðið endaði í öðru sæti. Lovísia spilaði í Íslandsmótinu í holukeppni 14 ára og yngri og féll úr leik í 8 manna úrslitum. María varð í öðru sæti í Íslandsmótinu í höggyleik, þriðja sæti í Íslandsmótinu í holukeppni og í öðru sæti í stigakeppni GSÍ í sínum flokki. Vonandi munu fleiri krakkar sem eru að æfa hjá klúbbnum taka þátt í móturnum á næsta ári.

Guðjón G. Daníelsson, PGA golfkennari, sá um golfkennslu hjá klúbbnum yfir sumarið. Var hann með nokkur nýliðanámskeið ásamt því að sinna einkakennslu. Guðjón er með aðstöðu í vetur hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar og geta félagar leitað til hans þar.

Mót

Klúbburinn hélt nokkur móti á árinu, þ. á m. meistaramót, bikarkeppni, kvennamót og nokkur innanfélagsmót. Þá var Bangsamótið haldið í fimmta skiptið en þar leika konur á móti körlum. Þetta árið unnu karlarnir og er bangsinn því nú í bláum fötum.



Klúbbmeistari kvenna varð Valgerður Bjarnadóttir.

Klúbbmeistari karla varð Siggeir Vilhjálmsson.



Bikarmeistari karla varð Hrafn Guðlaugsson.

Bikarmeistari kvenna varð María Högnadóttir.

Verðlaunahafar í meistaramótinu:



Íslandsmót unglings í höggleik

Íslandsmót unglings í höggleik 14 ára og yngri fór fram á Setbergsvelli dagana 11. til 13. ágúst. Keppt var í tveimur aldursflokkum, þ.e. flokki 12 ára og yngri (stúlkur-drengir) og flokki 13-14 ára (stúlkur-drengir). Það var virkilega gaman að halda mótið og gekk það að mestu vel, þökk sé þeim sem

aðstoðuðu. Keppendur, þjálfarar og aðrir voru virkilega ánægðir með völlinn sem var í frábæru ástandi. Ekki skemmdi fyrir að veðrið var með besta móti.

Einn kylfingur úr klúbbnum vann til verðlauna en María Högnadóttir endaði í öðru sæti í flokki stúlkna 12 ára og yngri.

Vinavellir

Gerðir voru vinavallasamningar við Golfklúbb Borgarness, Golfklúbb Suðurnesja og Golfklúbbinn Hellu.

Stjórn

Stjórn klúbbsins skipuðu Högni Friðþjófsson, formaður, Þórarinn Sófusson, varaformaður, Pétur Einarsson, gjaldkeri, Sigrún Eir Héðinsdóttir, ritari, Fríða Björg Leifsdóttir, Karl Ísleifsson og Elín Reynisdóttir, meðstjórnendur.

Nefndir og fulltrúar

Eftirtaldar nefndir og fulltrúastöður voru svo skipaðar:

- **Upplýsinganefnd:** Elín Reynisdóttir, formaður, Högni Friðþjófsson og Sigríður Samúelsdóttir. Einar Hjaltason og Sigrún Eir Héðinsdóttir sáu um heimasíðuna www.gse.is.
- **Mótanefnd:** Árni Finnsson, formaður, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Fríða Björg Leifsdóttir, Högni Friðþjófsson og Pétur Einarsson.
- **Vallarnefnd:** Haukur Guðmundsson, formaður, Högni Friðþjófsson, Pétur Einarsson, Björn Eysteinsson, Ágústa Hera Birgisdóttir og Sigurður Ben Guðmundsson.
- **Aganefnd:** Gunnlaugur Guðjónsson, formaður, Örn Andrésson, Þórarinn Sófusson, Arna Rún Oddsdóttir og Elísabet Gunnarsdóttir.
- **Forgjafarnefnd:** Einar Sigurðsson, formaður, Karl-Johan Brune, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Valdimar Axelsson og Pétur Einarsson.
- **Kvennanefnd:** Hulda Salómons dóttir, formaður, María Ólafsdóttir og Helga Birkisdóttir.
- **Framtíðarnefnd:** Hörður Þorsteinsson, formaður, Ingvar Ásmundsson, Björn Eysteinsson, Arna Rún Oddsdóttir og Hrafn Guðlaugsson.
- **Dómaranefnd:** Karl-Johan Brune, formaður, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Elín Reynisdóttir og Högni Friðþjófsson.
- **Karlastarfið:** Ragnar Böðvarsson og Orri Guðbergsson.
- **Öryggisfulltrúi:** Karl-Johan Brune.
- **Persónuverndarfulltrúi:** Fríða Björg Leifsdóttir.

Hola í höggi

Stefán Þórðarson (á annarri holu), Þorsteinn Erik Geirsson (á elleftu holu) og Árni B. Erlingsson (á fimmtu holu) fóru holu í höggi á vellinum samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Einherjaklúbbsins en kylfingar sjá sjálfir um að tilkynna afrekið.

Sveitakeppni GSÍ

Karlasveit klúbbsins spilaði í 2. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Öndverðarness. Sveitina skipuðu Hrafn Guðlaugsson, Þorsteinn Erik Geirsson, Hjörtur Brynjarsson, Helgi Þórisson, Atli Grétarsson, Tryggvi Traustason og Sigurður Aðalsteinsson. Liðsstjóri var Hrafn Guðlaugsson. Sveitin endaði í fimmta sæti og leikur því áfram í 2. deild á næsta ári.

Karlasveit klúbbsins í öldungaflokki spilaði í 2. deild í sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbi Sandgerðis. Sveitina skipuðu Sigurður Óli Guðnason, Árni Björn Erlingsson, Héðinn Gunnarsson, Tryggi Traustason, Sigurður Aðalsteinsson, Ólafur Hreinn Jóhannesson, Jón Yngvi Jóhannesson og Högni Friðþjófsson. Grétar Agnarsson var liðsstjóri. Sveitin varð í fyrsta sæti og spilar því í 1. deild á næsta ári.



Starfsmenn klúbbsins

Albert Albertsson, Þorsteinn Erik Geirsson, Róbert Björnsson, Arnar Árnason, Böðvar Ragnarsson, Grétar Orrason og Friðþjófur Einarsson voru starfsmenn á vellinum.

Dagur Yngvason, Elma Karen Gunnarsdóttir, Hrefna Högnadóttir og Jakob Skafti Magnússon voru starfsmenn á skrifstofu.

Um rekstur á golfskála sá sem fyrr Sigríður Lilja Samúelsdóttir.

Helstu framkvæmdir framundan og fjárfestingar

Á næsta ári stendur til að leggja bundið slitlag eða gervigras á göngustíga á vellinum, koma fyrir skýli á æfingasvæðinu og bæta aðstöðuna almennt.

Hugmyndin er að kaupa allt að þrjár sjálfvirkar sláttuvélar til þess að slá ákveðin svæði á vellinum. Þetta eru orðin mjög fullkomín tæki og margir golfklúbbar hafa tekið þau í notkun. Enn fremur liggur fyrir að kaupa fleiri kúlur fyrir æfingasvæðið, golfbíla til þess að geta leigt út á vellinum, ásamt því að fjárfesta í nýjum sláttuvélum og tækjum fyrir völlinn eins og tilefni reynist til.

Í fjárfestingaráætlun fyrir næsta ár er m.a. gert ráð fyrir framangreindum atriðum.

Framtíð Setbergsvallar

Staðan varðandi leigusamning klúbbsins við eigendur landsins sem Setbergsvöllur er á er óbreytt. Klúbburinn hefur völlinn á leigu þar til landeigendur fá leyfi til þess að hefja framkvæmdir. Ekki liggur fyrir hvenær það verður. Ekki er búið að vinna skipulag fyrir svæðið.

Vegagerðin hefur sent erindi til klúbbsins þar sem fram kemur að í veturnar verði framkvæmdar rannsóknarboranir við Setbergshamar vegna verkefnisins *Reykjanesbraut – Álfanesvegur – Lækjargata*. Til stendur að bora tvær kjarnaholur og tólf holur með loftbor í Setbergslandi 2 og Þórsbergslandi. Nokkrar holur verða boraðar á þriðju brautinni og á svæðinu á milli þriðju og fjórðu brautar. Farið verður um fyrirliggjandi slóða á svæðinu eins og kostur er. Klúbburinn má búast við jarðraski og umferð um völlinn í tengslum við boranirnar. Til þess að lágmarka áhrif borana á starfsemi klúbbsins stendur til að vinna verkið í febrúar/mars 2023, þ.e. utan hefðbundins starfstíma klúbbsins. Á þeim tíma bindur Vegagerðin jafnframt vonir við að frost í jörðu auðveldi yfirferð og lágmarki yfirborðsrask. Vegagerðin mun enn fremur leggja áherslu á að frágangur í verklok verði með sama hætti og aðkoma við upphaf framkvæmda. Þessi framkvæmd ætti því ekki að hafa áhrif á starfsemi klúbbsins.

Framtíðarsvæði fyrir starfsemi klúbbsins

Áfram var unnið að því að tryggja framtíðarsvæði fyrir klúbbinn. Í aðdraganda kosninga í vor var haldin kynning fyrir öll framboðin. Edwin Roald Rögnvaldsson, golfvallahönnuður, var með fullrúum klúbbsins á kynningunum sem sameiginlega kynntu stöðu og hugmyndir klúbbsins í þessum eftum.

Þeir aðilar sem mættu frá framboðum tóku vel í kynninguna og hugmyndir klúbbsins. Aðilum fannst klúbburinn nálgast málið af skynsemi og var sérstök ánægja með hugmyndir um samvinnu við önnur íþróttafélög og hagsmunasamtök sem vilja nýta svæðið og/eða byggja upp sína starfsemi á nýjum stað. Jafnframt var sérstök ánægja með áherslur í tengslum við verndun umhverfis, kolefnisjöfnun, sjálfbærni og aðra almenna skynsemi.

Til þess að halda utan um það samtal sem stendur yfir við bæjaryfirvöld, önnur íþróttafélög og íþróttabandalag Hafnarfjarðar eru helstu atriðin í kynningunni tilgreind hér á eftir:

Almennt um klúbbinn:

- Golfklúbburinn Setberg var stofnaður í Hafnarfirði 27. nóvember 1994 og í byrjun árs 1995 varð klúbburinn fullgildur aðili að Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar og þar með Golfsambandi Íslands.
- Setbergsvöllur var formlega opnaður í júní 1995.
- Völlurinn telur nú holur með mismunandi teigum. Jafnframt er til staðar nú holu par 3 völlur.
- Um 650 félagar eru núna í klúbbnum. Um 50 manns eru á biðlista. Klúbburinn starfrækir unginganámskeið og skipulagðar æfingar.
- Á þeim 26 árum sem liðin eru frá stofnun klúbbsins hafa félagsmenn skipt þúsundum og hafa því margir kylfingar tekið sín fyrstu skref á Setbergsvelli. Töluverður fjöldi utanfélagsmanna leika Setbergsvöll á hverju ári.
- Mikil áhersla á kennastarf í klúbbnum hefur skilað góðum árangri.

Framtíð Setbergsvallar:

- Frá upphafi var ljóst að aðalskipulag gerði ekki ráð fyrir golfvelli á svæðinu til framtíðar.
- Aukin áhersla á þéttingu byggðar á höfuðborgarsvæðinu hefur unnið á móti klúbbnum og ljóst að ekki hafa skapast þær aðstæður að skipulag yrði aðlagð vellinum.
- Núverandi eigendur landsins hafa hug á að hefja undirbúning að skipulagi og framkvæmdum á landinu undir byggð.
- Það er því ljóst að Golfklúbburinn Setberg þarf að verða sér úti um nýja aðstöðu á allra næstu árum.
- Flestir félagar í klúbbnum eru Hafnfirðingar þótt hann liggi að hluta í Garðabæ enda sterkt tenging við Setbergshverfið.

Nýr golfvöllur:

- Golfklúbburinn hefur átt samtal við Hafnarfjörð á síðastliðnum árum með það að markmiði að finna nýtt svæði undir völl fyrir klúbbinn.
- Klúbburinn er opin og spenntur fyrir samstarfi við önnur íþróttafélög og aðra sem vilja koma að uppbyggingunni.
- Nærtækast hefur þótt að horfa til svæða sem aðalskipulag Hafnarfjarðar gerir þegar ráð fyrir að verði fjölnota íþrótt- og útvistarsvæði með golfvelli (Íþ7, Íþ9), eins og ákveðið var við síðustu endurskoðun aðalskipulags.
- Klúbburinn er framarlega í forgangsröðun Íþróttabandalags Hafnarfjarðar á eftir Sörla (reiðhöll), Haukum (knatthús) og Brettafélaginu.



Fjölnota svæði:

- Með góðu skipulagi og samstarfi á svæðinu er hægt að þróa og byggja upp íþrótt- og útvistarsvæði þar sem íþróttir, útvist, ferðaþjónusta og ræktun lands styður hvert við annað.
- Verkefnið var í upphafi kynnt fyrir Skógræktarfélagi Hafnarfjörðar, Skátafélaginu Hraunbúum og íþróttafélögum innan Íþróttabandalags Hafnarfjörðar, sem ýmist hafa áhuga á að nýta svæðið eða hafa gert það fram að þessu. Þeir aðilar styðja þá hugmynd að hefja vinnu við þróun á aðlaðandi, vel hannaðri og umhverfisvænni heildarlausn sem nýtist sem flestum þegnum samfélagsins.
- Ýmis dæmi eru um vel heppnaða blöndun ólíkra landnotkunarkosta á eða við golfvelli, þar sem við sögu koma m.a. reiðleiðir, skógrækt, göngu-, hlaupa- og hjólastígar, gönguskíðaiðkun, stangveiði, fuglaskoðun, siglingar, fræðsla um menningarsögulega arfleifð og margvísleg landbóta- og vistverndarverkefni. Það er löngu kominn tími á frekari nýsköpun og nýja hugsun í skipulagi, sem við teljum að geti orðið til mikils sóma fyrir alla hlutaðeigandi og fyrir Hafnarfjörðarbæ.
- Nýta má golfvallargerð sem frumkvæði í þágu samnýtingar á innviðum eins og t.a.m. bílastæðum, búninga- og veitingaaðstöðu, stærðarhagkvæmni fyrir samfélagið og lagfæringum á skemmdu landi. Þannig mætti gera svæðið aðgengilegt sem flestum, bæði heimamönnum og innlendum og erlendum gestum.



- Íþrótt- og útvistarsvæði en ekki einungis golfvöllur.
- Samnýting á aðstöðu. Golfvöllur, reiðleiðir, göngu-, hlaupa- og hjólastígar og skógrækt. Svæði fyrir bogfimi, grasvelli, skotsvæði, gönguskíðabraitir, tennisvelli o.s.frv.
- Ekki eiginlegt klúbbhús heldur íþróttamiðstöð fyrir öll félögini á svæðinu. Aðrir geti nýtt vélageymslu og tæki (t.d. Skógræktin og önnur íþróttafélög).
- Svæðið yrði eign Hafnarfjörðar ásamt öllu sem verður byggt upp á svæðinu.

Skyndsöm uppyggging:

- Nýta má uppröft á nálægum svæðum til þess að byggja upp brautir, göngu- og hjólastíga.
- Minnkar kolefnisspor framkvæmda í nágrenninu.
- Ef heimilað verður að losa jarðveg á svæðinu gegn greiðslu má nýta bæði jarðveginn og það sem fæst greitt til þess að byggja upp golfvöllinn með hagkvæmum hætti á lengri tíma.

Verndun umhverfis og kolefnisjöfnun:

- Mikilvægt að verkefnið verði unnið þannig að sem minnst röskun verði á landi.
- Lagfæring á skemmdu landi.
- Endurheimt og styrking búsvæða.
- Sjálfbærni. Sustainable golf
- Kolefnisjöfnun er skilgreind svo í lögum um loftslagsmál: „Þegar aðili hlutast til um aðgerðir annars aðila til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og/eða binda kolefni úr andrúmslofti og notar staðfestingu á slíkum samdrætti eða bindingu til að jafna út sína eigin losun að hluta eða öllu leyti“.
- Draga úr losun í tiltekinni starfsemi eða geirum.
- Fjarlægja kolefni úr andrúmsloftinu, s.s. með skógrækt eða landgræðslu.
- Ein kolefniseining er eining sem gengið getur kaupum og sölum og felur í sér sönnun þess að losun á einu tonni koldíoxídsígilda út í andrúmsloftið hafi sparast miðað við óbreytt ástand.

Dæmi um slíka framkvæmd:



Iðkendur og aðgengi:

- Um 22.000 kylfingar voru skráðir í 62 golfklúbba víðs vegar um landið árið 2021, sem var 12% aukning frá því árið áður.
- Um 50.000 kylfingar spila golf einu sinni eða oftar í mánuði.
- Iðkendum fjölgar ört.
- Fullt í alla golfklúbba á höfuðborgarsvæðinu.

Lýðheilsa:

- Golf er íþrótt sem er hægt að stunda alla ævina ef heilsan leyfir.
- Holl og góð hreyfing.
- Samkvæmt sænskri rannsókn lifir sænskur kylfingur 5 árum lengur en hinn dæmigerði Svíi.

Nýtum kraftinn:

- Félagar í Golfklúbbnum Setbergi skora á frambjóðendur og kjörna fulltrúa að nýta kraftinn og fjöldann í klúbbnum til þess að hefja uppbygginguna.
- Verkefnið gerir ráð fyrir samstarfi við alla sem vilja eiga aðild.
- Sláið um ykkur með kjósendum og segist styðja uppbyggingu sem stuðlar að umhverfisvernd, sjálfbærni og lýðheilsu fyrir alla íbúa Hafnarfjarðar.

Við munum halda áfram að vinna í þessu máli á næsta ári. Vonandi er sveitarfélagið tilbúið að fara í þetta verkefni með klúbbnum og öðrum aðilum.

Frá kvennanefndinni:

Kvennastarfið fór vel af stað síðastliðið sumar og voru konur duglegar að mæta á mánudögum. Aðeins vantar upp á að konur setjist niður og fái sér að borða í skálanum eftir spil. Við fundum okkur nýjar vinkonur frá Hveragerði og heimsóttum þær í júlí og buðum þeim svo í ágúst til okkar og tókst það mjög vel.

Hópferð var farin í Borgarnes í byrjun september. Spilað golf, borðað saman og gist eina nótt.

Við héldum svo lokahóf í skálanum hjá Siggu og Geira.

Hulda Salómons dóttir var formaður og María Ólafsdóttir var gjaldkeri. Að auki höfum við fengið Önnu Magneu og Helgu Birkisdóttir okkur til aðstoðar.

Frá karlanefndinni:

Í byrjun árs tóku Ragnar Böðvarsson og Orri Guðbergsson við stjórn karlastarfs klúbbsins en nutu aðstoðar frá fyrrum stjórnarmönnum, þeim Arnari Björnssyni, Jóni Karli Björnssyni og Árna Birni Erlingssyni. Edward Alexander Eiríksson og Bergsteinn Danielsson voru enn fremur til aðstoðar.

Frábær mæting var langfesta þriðjudaga í sumar og stundum þannig að færri komust að en vildu.

Haldin voru yfir 20 mótt á þriðjudögum í sumar en um ýmis konar leikfyrirkomulag var að ræða. Um vorið var sett upp fyrirkomulag móta fyrir sumarið og er stefnt að því að gera slíkt hið sama næsta vor.

Okkur tókst að fá styrktaraðila til þess að gefa verðlaun í nokkur móttanna þar sem veitt voru aukaverðlaun fyrir að vera næst holu, fyrir lengsta upphafshögg o.s.frv.

Uppskeruhátíð var haldin laugardaginn 27. ágúst með frábæri mætingu og flottum verðlaunum, sem meðlimir karlastarfsins útveguðu. Mikið fjör þar sem Sigga og Geiri sáu um að elda dýrindis mat ofan í mannskapinn. Krýndir voru „birdie kóngar“ hvers mánaðar en menn sem tóku þátt í mótnum gátu tekið þátt í verðlaunapotti og sett nafn sitt í pottinn fyrir hvern fugl sem þeir fengu í mótnum. Dregið var úr nöfnunum í hverjum mánuði og fengu sigurvegarar boltamerki með áletruninni „Birdie kóngur“.

Við unnum hrútamótið í sumar þar sem okkar menn fengu fleiri punkta í fyrra mótinu á Setbergsvelli. Suðurnesjamenn gáfu seinni viðureignina þar sem ekki reyndist næg þátttaka hjá þeim.

Karlastarfið sá um að tryggja okkur sjö herma hjá GKG í veturn. Fljótt varð fullt í öll pláss en stefnt er að því að halda einhver mótt í hermunum í veturn. Við byrjum á jólamóti þann 13. desember næstkomandi. Þá stefnir karlastarfið á að standa fyrir einum til tveimur uppákomum í skálanum í veturn. Einnig er stefnt að því að fara eina til tvær ferðir á Suðurnesin í vor. Vorferð verður auglýst síðar.

Að lokum:

Sem fyrr var góður andi hjá félagsmönnum og frábært að fá að vera hluti af þeim samheldna hópi sem hefur verið tilbúinn að vinna fyrir klúbbinn í gegnum árin.

Takk fyrir samstarfið á árinu.

Högni Friðþjófsson, formaður.

Úrslit móta 2022

Forkeppni bikars – 25. maí

Punktamót - karlar

- | | | |
|------------------------------|---|---------|
| 1. Jón Sigurðsson | - | 22 pkt. |
| 2. Gísli Ólafsson | - | 22 pkt. |
| 3. Ársæll Óskar Steinmóðsson | - | 20 pkt. |

Punktamót - konur

- | | | |
|------------------------------|---|---------|
| 1. Lovísa Huld Gunnarsdóttir | - | 20 pkt. |
| 2. Þórunn Erla Stefánsdóttir | - | 19 pkt. |
| 3. Heiðrún Harpa Gestsdóttir | - | 18 pkt |

Jónsmessa – 25. júní - Setbergsscramble

Sigurliðin sem lento í 1. til 2. sæti. Þau léku bæði á tveimur höggum undir pari.



Meistaramót GSE – dagana 6. til 9. júlí*72 holur – Höggileikur***Meistaraflokkur karla**

- | | | | |
|----|-----------------------|---|-----------|
| 1. | Siggeir Vilhjálmsson | – | 292 högg. |
| 2. | Hrafn Guðlaugsson | – | 293 högg. |
| 3. | Helgi Birkir Þórisson | – | 306 högg. |

Fyrsti flokkur karla

- | | | | |
|----|-----------------------|---|-----------|
| 1. | Jón Karl Björnsson | – | 246 högg. |
| 2. | Jón Birgir Gunnarsson | – | 255 högg. |
| 3. | Þórður Einarsson | – | 256 högg. |

Annar flokkur karla

- | | | | |
|----|--------------------------|---|-----------|
| 1. | Þórður Dagsson | – | 267 högg. |
| 2. | Einar Sigurðsson | – | 269 högg. |
| 3. | Sigurður Ben Guðmundsson | – | 272 högg. |

Þriðji flokkur karla

- | | | | |
|----|----------------------|---|-----------|
| 1. | Guðmundur Jóhannsson | – | 356 högg. |
| 2. | Andrés Þórarinsson | – | 361 högg. |
| 3. | Daníel Kristinsson | – | 365 högg. |

Fjórði flokkur karla - punktar

- | | | | |
|----|--------------------|---|----------|
| 1. | Brynjar Ingólfsson | – | 132 pkt. |
| 2. | Gísli Ólafsson | – | 117 pkt. |
| 3. | Snorri Sigurðsson | – | 117 pkt. |

Kvennaflokkur - höggileikur

- | | | | |
|----|-----------------------------|---|-----------|
| 1. | Valgerður Bjarnadóttir | – | 292 högg. |
| 2. | Herdís Hermannsdóttir | – | 296 högg. |
| 3. | Kristín Inga Sigvaldadóttir | – | 298 högg. |

Kvennaflokkur – 4 dagar - punktar

- | | | | |
|----|-----------------------------|---|---------|
| 1. | Sigríður Þorkelsdóttir | – | 78 pkt. |
| 2. | Áslaug Auður Guðmundsdóttir | – | 67 pkt. |
| 3. | Lilja Jónína Héðinsdóttir | – | 65 pkt. |

Kvennaflokkur – 3 dagar - punktar

- | | | | |
|----|-----------------------------|---|---------|
| 1. | Ásta Edda Stefánsdóttir | – | 79 pkt. |
| 2. | Guðrún Harðardóttir | – | 77 pkt. |
| 3. | Sigríður Lovísa Gestsdóttir | – | 69 pkt. |

Öldungaflokkur – rauðir teigar - 3 dagar - punktar

- | | | |
|---------------------------|---|---------|
| 1. Jakob Skafti Magnússon | – | 78 pkt. |
| 2. Árni Finnsson | – | 66 pkt. |
| 3. Örn Andrésson | – | 64 pkt. |

Öldungaflokkur – gulir teigar - 3 dagar - punktar

- | | | |
|---------------------------|---|---------|
| 1. Bragi Kort Guðmundsson | – | 65 pkt. |
| 2. Gunnar Þór Ármansson | – | 64 pkt. |
| 3. Haraldur Árnason | – | 63 pkt. |

Unglingaflokkur – 4 dagar

- | |
|------------------------------|
| 1. Lovísa Huld Gunnarsdóttir |
| 2. Sigurást Arnarsdóttir |
| 3. María Högnadóttir |



Opna Setbergsmótið – 1. ágúst

Punktar

- | | | |
|-----------------------------|---|---------|
| 1. Helgi Birkir Þórisson | – | 38 pkt. |
| 2. Eggert Georg Tómasson | – | 38 pkt. |
| 3. Bragi Þorsteinn Bragason | – | 37 pkt. |

Besta skor án forgjafar

- | | | |
|--------------------------|---|----------|
| 1. Helgi Birkir Þórisson | – | 72 högg. |
|--------------------------|---|----------|

Fótboltamótið – 6. ágúst

Texas scramble

1. Sæti: Páll Björgvinsson og Magnús Jón Björgvinsson



Bangsamótið.

Karlarnir unnu þetta árið.

Bændaglíma – 1. október - Setbergsscramble

Sigurvegarar á glæsilegu skori eða 6 undir pari voru:

Indriði Guðmundsson, Magnús Magnússon, Guðmundur Jóhannsson og Daniel Þór Midgley.

Golfklúbburinn Setberg

Rekstrarreikningur ársins 2022

	2022	2021
Rekstrartekjur:		
Félagsgjöld innheimt hjá GK	42.607.520	37.517.385
Tekjur af sölu vallargjalda	12.704.263	13.960.112
Tekjur af æfingasvæði	593.000	668.500
Styrkir og framlög	2.310.000	2.451.500
Tekjur af mórum	1.562.000	1.252.000
Framlag ÍSÍ vegna Lotto	766.027	738.266
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna	70.426	94.906
Vaxtatekjur	406.478	42.713
Unglinganámskeið	0	85.000
Vörusala	1.800.000	2.455.500
Rekstrartekjur samtals	62.819.714	59.265.882
Rekstrargjöld:		
Aðkeypt þjónusta	1.799.870	2.100.000
Félagaskattur GSÍ	3.433.322	3.046.400
Sveitakeppni karla og kvenna	557.779	539.128
Verðlaun í móti - umsjón	411.540	623.328
Kostnaður v/stjórnar nefnda	135.364	107.125
Innheimtukostnaður	69.654	139.095
Leiga á landi	6.508.800	5.986.400
Leiga á geymsluhúsnaði	2.500.000	2.000.000
Kaup / leiga á vélum / landi	750.000	500.000
Laun og launatengd gjöld	19.031.877	17.015.550
Viðhald og rekstur vallar	2.844.833	1.567.611
Viðhald og rekstur véla	3.108.407	2.379.352
Rekstur skála	2.772.256	1.934.586
Vörur	1.250.645	2.292.363
Stækkun golfskáli-vélageymsla-ræsishús	988.304	4.259.242
Ræsing og umsjón	1.290.912	312.500
Afskriftir	3.556.378	3.646.950
Unglingastarf	613.560	465.000
Boltar og mottur	1.392.840	654.344
Vökvunarkerfi	295.572	371.572
Ýmis kostnaður	252.381	303.230
Rekstrargjöld samtals	53.564.294	50.243.776
Hagnaður ársins	9.255.420	9.022.106

Golfklúbburinn Setberg

Efnahagsreikningur ársins 2022

Eignir	2022	2021
Fastafjármunir:		
Sláttuvélar 2011	55.000	55.000
Golfbíll	22.500	22.500
Sláttuvélar 2012	75.000	75.000
Æfingasvæði / malbikun	400.000	600.000
Ræsishús 2014	100.000	150.000
Brautarsláttuvél 2014	450.000	450.000
Boltavél	102.400	128.000
Gámur 2015	101.680	101.680
Gámar, vélar og tæki	1.255.500	1.534.500
Röffsláttuvél 2019	5.733.322	6.615.372
Sturtuvagn 2019	289.800	338.100
WC - hús 2019	210.000	245.000
Flatarsláttuvél 2020	2.597.655	2.922.362
Vinnu golfbíll 2020	1.339.200	1.506.600
Sandari 2020	880.950	991.069
Stækkun golfskáli 2020	3.600.000	4.000.000
Ræsishús 2020	1.200.000	1.350.000
Vélageymsla 2020	1.200.000	1.350.000
Teigavél	270.000	300.000
Flatarsláttuvél	450.000	500.000
Dráttarvél m/ámoksturstækjum	2.136.470	2.403.529
Teigavél 2021	3.097.154	3.484.299
Fastafjármunir samtals	25.566.633	29.123.011

Veltufjármunir:

Banka innistæður Íslandsbanki	20.169.055	18.765.676
Banka innistæður Landsbankinn	12.916.953	1.508.535

Veltufjármunir samtals:	33.086.008	20.274.211
Eignir alls	58.652.641	49.397.222

Skuldir og Eigið fé

Eigið fé

Eigið fé flutt frá fyrra ári	49.397.222	40.375.116
Hagnaður	9.255.420	9.022.106
	0	
Eigið fé samtals	58.652.641	49.397.222

Skuldir

Skuldir samtals	0	0
Skuldir og eigið fé alls	58.652.641	49.397.222

Áritun skoðunarmanna og gjaldkera.

Höfum yfirfarið ársreikning (efnahags- og rekstrarreikningur) fyrir Golfklúbbinn Setberg vegna ársins 2022 og er hann í samræmi við bækur félagsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi góða mynd af fjárhag félagsins.

Pétur Einarsson, gjaldkeri.

Örn Andrésson og Einar Sigurðsson, skoðunarmenn.

Gjaldkeri og skoðunarmenn staðfesta framangreint með rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Skýrsla og áritun stjórnar

Að álti stjórnar Golfklúbbsins Setbergs koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að glöggva sig á stöðu félagsins 30. nóvember 2022, rekstrarreikningi frá 1. desember 2021 til 30. nóvember 2022 og fjárhagslegrí þróun á árinu.

Stjórn klúbbsins staðfestir framangreint með rafrænni undirskrift í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Hafnarfirði, 7. desember 2022

Högni Friðþjófsson	Formaður
Pétur Einarsson	Gjaldkeri
Þórarinn Sófusson	Varaformaður
Sigrún Eir Héðinsdóttir	Ritari
Elín Reynisdóttir	Meðstjórnandi
Fríða Björg Leifsdóttir	Meðstjórnandi
Karl Ísleifsson	Meðstjórnandi

Undirritunarsíða

Högni Friðþjófsson

Þórarinn Karl Sófusson

Karl Ísleifsson

Sigrún Eir Héðinsdóttir

Elín Reynisdóttir

Fríða Björg Leifsdóttir

Einar Sigurðsson

Örn Andrésson

Pétur Einarsson